

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
10-661

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---|----------|
| Skýrsla og áritun forstjóra og stjórnar | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

kt. 581219-1480

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstjóra og stjórnar

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) starfar skv. lögum nr. 137/2019. HMS starfar að stjórnsýsluverkefnum á sviði húsnæðismála, mannvirkjamála, skráningu og mat fasteigna, rafmagnsöryggismála og mála er varða byggingarvörur og brunavarnir. Stofnunin skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsnæðismarkaði, m.a. með húsnæðisstuðningi, lánveitingum, rannsóknum, upplýsingagjöf, áætlanagerð og eftirliti. Einnig skal stofnunin leitast við að tryggja að almenningur hafi aðgang að öruggu og vistvænu húsnæði á viðráðanlegu verði og í samræmi við þarfir hvers og eins, óháð efnahag og búsetu, þannig að almenningur hafi raunverulegt val um búsetuform. HMS annast rekstur fasteignaskrár og að viðhalda henni og ber ábyrgð á gerð fasteignamats allra fasteigna á Íslandi ár hvert.

HMS gegrar jafnframt samræmingarhlutverki, sinnir samstarfi við sveitarfélög um stjórnsýslu húsnæðis- og mannvirkjamála og stuðlar að fyrirsjánleika, skilvirkni og gæðum mannvirkjagerðar.

Frekari upplýsingar um starfsemina á árinu 2022 má finna í ársskýrslu sem gefin er út samliða þessum ársreikningi.

Á árinu 2022 var rekstur fasteignaskrár sem var hluti af Þjóðskrá sameinaður rekstri HMS en lögin tóku gildi þann 1. júlí 2022. Flutningur á rekstri Fasteignaskrár og verkefni tengd henni höfðu áhrif á afkomu ársins 2022 en rekstur fasteignaskrár var ófjármagnaður að hluta, samtals að fjárhæð 120 millj. kr. miðað við raunrekstrarkostnað á árinu 2022. Við flutning fasteignaskrár til HMS var ráðist í hagræðingu í rekstri sem skilað hefur rekstrarlegri samlegð sem gerir HMS kleift að stíga fyrstu skrefin í uppbyggingu grunnkerfa fasteignaskrár sem endurnýja þarf frá grunni.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 32 og málauflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá fjárlagalið 07-322.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 3.119,2 milljónir og afkoma kr. 16,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 248,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.727,9 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit okkar að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri og stjórn staðfesta hér með ársreikning Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Sigurjón Örn Þórisson
Stjórnarformaður

Elín Oddný Sigurðardóttir

Karl Björnsson

Ásta B. Pálmadóttir

Björn Gíslason

Hermann Jónasson
Forstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Yfirlit um afkomu ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|-----------------------|----------------------|----------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 1.916.600.000 | 392.500.000 |
| Seld þjónusta | 3 | 311.979.378 | 75.455.264 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 4 | 793.047.054 | 1.942.728.376 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 97.566.578 | 67.721.132 |
| | Tekjur samtals | 3.119.193.010 | 2.478.404.772 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 5 | 1.741.732.091 | 1.505.684.806 |
| Framlög og tilfærslur | | 114.871.390 | 109.332.581 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 1.133.671.833 | 727.234.012 |
| Afskriftir | 7 | 110.503.735 | 136.354.110 |
| | Gjöld samtals | 3.100.779.049 | 2.478.605.509 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | 18.413.961 | (200.737) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur og gengishagnaður | | 740.521 | 3.386.837 |
| Vaxtagjöld og gengistap | | (3.119.092) | (2.691.381) |
| | | (2.378.571) | 695.456 |
| | Afkoma ársins | 16.035.390 | 494.719 |
| Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjáheimildaliðum | 2 | | |
| Rekstur | | 25.506.780 | 4.327.300 |
| Rekstrartilfærslur | | (9.471.390) | (3.832.581) |
| | | 16.035.390 | 494.719 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|------|------------------------------------|----------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Óefnislegar eignir | 8 | <u>385.899.649</u> | <u>309.387.650</u> |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 9 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 119.838.489 | 127.464.224 |
| Farartæki og vélar | | 5.503.592 | 3.364.206 |
| | | <u>125.342.081</u> | <u>130.828.430</u> |
| | | Fastafjármunir samtals | 511.241.730 |
| | | | 440.216.080 |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur | | 111.612.145 | 38.383.756 |
| Tengdir aðilar | 10 | 2.978.847.996 | 2.590.518.697 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 11 | 39.295.090 | 160.877.420 |
| Handbært fé | 12 | 86.936.023 | 112.169.624 |
| | | Veltufjármunir samtals | 3.216.691.254 |
| | | | 2.901.949.497 |
| | | Eignir samtals | 3.727.932.984 |
| | | | 3.342.165.577 |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Hrein eign | 13 | 248.322.390 | 232.287.000 |
| Bundið eigið fé | | 2.442.674.515 | 2.442.674.515 |
| | | Eigið fé samtals | 2.690.996.905 |
| | | | 2.674.961.515 |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 10 | 126.517.792 | 1.251.000 |
| Viðskiptaskuldir | 14 | 179.758.706 | 113.997.959 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 14 | 376.988.891 | 269.502.031 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 15 | 353.670.690 | 282.453.072 |
| | | Skuldir samtals | 1.036.936.079 |
| | | | 667.204.062 |
| | | Eigið fé og skuldir samtals | 3.727.932.984 |
| | | | 3.342.165.577 |
| Aðrar upplýsingar | 16 | | |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|--|------|-----------------------------|--------------------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 16.035.390 | 494.719 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvældi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 110.503.735 (97.566.578) | 136.354.110 (67.721.132) |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | 28.972.540 | 69.127.697 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 48.353.941 (275.807.689) | (133.663.762) (10.844.927) |
| Tengdir aðilar | | | |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldur | | 173.247.607 (54.206.141) | (153.746.201) (298.254.890) |
| | | (25.233.601) | (229.127.193) |
| Handbært fé frá rekstri | | | |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð óefnislegra eigna | | (163.974.277) | (133.554.960) |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 9 | (9.170.905) | (10.087.529) |
| Yfirfærsla á eignum flutt til ríkissjóðs | | 0 | 17.129.796 |
| | | (173.145.182) | (126.512.693) |
| Fjármögnumnarhreyfingar | | | |
| Tengdir aðilar | | 12.745.182 | (130.157.511) |
| Fjárfestingarfamlag | | 155.400.000 | 273.800.000 |
| Gjafaframlög til fjárfestinga | | 5.000.000 | 0 |
| | | 173.145.182 | 143.642.489 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | (25.233.601) 112.169.624 | (211.997.397) 324.167.021 |
| | | 86.936.023 | 112.169.624 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjólegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar fimm ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlæð þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frágrennum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvárdæð með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frágrennu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|------------------------------|---------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar | 8-15 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfæru verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frágrenni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldur og aðrar skuldur

Viðskiptaskuldur og aðrar skuldur eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldur sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldur í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsejanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsejanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2 Tekjufærsla fjarveitinga

| | 2022 | 2021 |
|-----------------------------------|---------------------|-------------------|
| Fjarveiting ársins | 1.916.600.000 | 392.500.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 97.566.578 | 67.721.132 |
| | <hr/> 2.014.166.578 | <hr/> 460.221.132 |

Yfirlit um fjarveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|----------------------|---------------------|----------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádegnum rekstrtekjum skv. fjárlögum | 1.672.300.000 | 105.400.000 | 0 | 1.777.700.000 |
| Fjáraukalög | 122.300.000 | 0 | 0 | 122.300.000 |
| Launabætur | 16.600.000 | 0 | 0 | 16.600.000 |
| Fjarveiting til tekna | 1.811.200.000 | 105.400.000 | 0 | 1.916.600.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum | (1.785.693.220) | (114.871.390) | 0 | (1.900.564.610) |
| Staða fjarveitinga ársins í lok árs | 25.506.780 | (9.471.390) | 0 | 16.035.390 |

| | 2022 | 2021 |
|------------------------|------|------|
| 3 Seld þjónusta | | |

| | | |
|----------------------------------|-------------------|------------------|
| Sérfræðiþjónusta | 78.337.222 | 74.851.614 |
| Sala á vöru og þjónustu | 224.102.486 | 0 |
| Fræðslustarfsemi og fundir | 9.539.670 | 603.650 |
| | <hr/> 311.979.378 | <hr/> 75.455.264 |

4 Framlög og ýmsar tekjur

| | | |
|---|-------------------|---------------------|
| Leigutekjur | 21.146.033 | 3.944.339 |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 253.285.077 | 255.925.160 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 518.563.044 | 1.608.000.000 |
| Ýmsar tekjur | 52.900 | 74.858.877 |
| | <hr/> 793.047.054 | <hr/> 1.942.728.376 |

| | 2022 | 2021 |
|---|------|------|
| 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | | |

| | | |
|----------------------------|---------------------|---------------------|
| Laun | 1.395.659.866 | 1.173.271.722 |
| Orlof, breyting | (9.524.086) | 3.928.537 |
| Launatengd gjöld | 318.864.696 | 298.465.964 |
| Starfsmannakostnaður | 36.731.615 | 30.018.583 |
| | <hr/> 1.741.732.091 | <hr/> 1.505.684.806 |

| | | |
|------------------------------|------------|------------|
| Meðalfjöldi stöðugilda | 139,1 | 109,8 |
| | <hr/> 2022 | <hr/> 2021 |

6 Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|-------------|-------------|
| Bækur, rifóng, filmur o.fl. | 4.091.154 | 3.901.125 |
| Byggingarvörur, almennar | 206.460 | 0 |
| Tæki og búnaður til innréttингa | 22.016.253 | 8.474.448 |
| Ýmis tæki og áhöld | 28.697.051 | 16.520.658 |
| Orkugjafar | 2.553.866 | 1.294.604 |
| Matvæli | 24.340.969 | 17.257.106 |
| Almennar rekstrarvörur | 5.317.662 | 3.688.748 |
| Vörukaup, almenn | 87.223.415 | 51.136.689 |
| Fundir, námskeið, risna | 20.253.686 | 17.900.304 |
| Ferðir, upphald | 11.385.955 | 5.783.307 |
| Akstur | 4.842.160 | 5.642.337 |
| Sérfræðiþjónusta | 452.394.162 | 254.095.012 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 3.080.763 | 4.312.254 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 21.718.778 | 17.142.213 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 17.650.487 | 21.253.827 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 531.325.991 | 326.129.254 |

Skýringar

6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)

| | 2022 | 2021 |
|--|---------------|-------------|
| Afnotagjöld | 222.072.727 | 162.592.457 |
| Leigugjöld | 212.022.734 | 149.972.247 |
| Verkkaup | 78.875.400 | 33.350.116 |
| Tryggingar, lögboðnar | 508.366 | 143.499 |
| Opinber gjöld | 1.643.200 | 1.909.750 |
| Tilfærslur | 0 | 2.000.000 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 515.122.427 | 349.968.069 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 1.133.671.833 | 727.234.012 |

7 Afskriftir

| | | |
|-------------------------------------|-------------|-------------|
| Ahöld, tæki og búnaður | 22.073.187 | 40.989.879 |
| Farartæki og vélar | 968.270 | 657.504 |
| Sölutap og úreltar eignir | 1.003.602 | 0 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 86.458.676 | 94.706.727 |
| | 110.503.735 | 136.354.110 |

31.12.2022 31.12.2021

8 Óefnislegar eignir

| | | |
|---|-------------|-------------------|
| Óefnislegar eignir | 385.899.649 | 309.387.650 |
| Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022: | | Hugbúnaður |
| Stofnverð 01.01.2022 | 507.957.185 | |
| Viðbætur á árinu | 163.974.277 | |
| | 671.931.462 | |
| Niðurfært 01.01.2022 | 198.569.537 | |
| Niðurfærsla ársins | 86.458.674 | |
| Selt/niðurfært á árinu | 1.003.602 | |
| | 286.031.813 | |
| Staða 31.12.2022 | 385.899.649 | |

31.12.2022 31.12.2021

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

| | | |
|---|-------------|-------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Ahöld, tæki og búnaður | 119.838.489 | 127.464.224 |
| Farartæki og vélar | 5.503.592 | 3.364.206 |
| | 125.342.081 | 130.828.430 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Samtals |
|---|---------------------------|-----------------------|-------------|
| Staða 1.1.2022 | 223.647.729 | 13.716.298 | 237.364.027 |
| Eignir fluttar frá Þjóðskrá Íslands | 11.550.763 | 9.944.550 | 21.495.313 |
| Eignir fluttar frá Neytendastofu | 6.103.071 | 0 | 6.103.071 |
| Viðbætur á árinu | 9.170.905 | 0 | 9.170.905 |
| | 250.472.468 | 23.660.848 | 274.133.316 |
| Afskriftir 1.1.2022 | 96.183.505 | 10.352.092 | 106.535.597 |
| Eignir fluttar frá Þjóðskrá Íslands | 6.274.223 | 6.836.894 | 13.111.117 |
| Eignir fluttar frá Neytendastofu | 6.103.071 | 0 | 6.103.071 |
| Afskrift ársins | 22.073.180 | 968.270 | 23.041.450 |
| | 130.633.979 | 18.157.256 | 148.791.235 |
| Staða 31.12.2022 | 119.838.489 | 5.503.592 | 125.342.081 |

Skýringar

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

| | | |
|--|---------------|---------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 2.940.655.419 | 2.590.518.697 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 38.192.577 | 0 |
| | 2.978.847.996 | 2.590.518.697 |

Skuldir við tengda aðila:

| | | |
|---|-------------|-----------|
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 126.517.792 | 1.251.000 |
| | 126.517.792 | 1.251.000 |

11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

| | | |
|-------------------------------------|------------|-------------|
| Rekstrarframlag Húsnæðissjóðs | 0 | 134.000.000 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 2.573.131 | 14.287.440 |
| Skattar | 36.721.959 | 12.589.980 |
| | 39.295.090 | 160.877.420 |

12 Handbært fé

| | | |
|-----------------------|------------|-------------|
| Tékkareikningar | 86.936.023 | 112.169.624 |
| | 86.936.023 | 112.169.624 |

Stofnunin hefur tekið til vörlu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 47,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsrekningi.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárréikningum;

| | Hrein eign | Bundið eigið fé | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|----------------------|-------------|-----------------|---------------|---------------|
| Jöfnuður 1.1. | 232.287.000 | 2.442.674.515 | 2.674.961.515 | 2.674.466.796 |
| Afkoma ársins | 16.035.390 | 0 | 16.035.390 | 494.719 |
| Jöfnuður 31.12. | 248.322.390 | 2.442.674.515 | 2.690.996.905 | 2.674.961.515 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjárr fyrir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fragráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisrekningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 2.442,7 milljónir sem eru bundið eigið fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---------------------------|------------|------------|
| 14 Ýmsar skammtímaskuldur | | |

| | | |
|---------------------------|-------------|-------------|
| Ógreitt orlof | 181.304.732 | 139.602.713 |
| Önnur ógreidd gjöld | 195.684.159 | 129.899.318 |
| | 376.988.891 | 269.502.031 |

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|--|--------------|-------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 364.348.831 | 280.386.031 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) | (10.678.141) | 2.067.041 |
| | 353.670.690 | 282.453.072 |

Skýringar

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga , (frh.)

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga- fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|--|---|------------------------------|--------------------------------|
| Staða 01.01.2022 | 280.386.031 | 2.067.041 | 282.453.072 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 155.400.000 | 155.400.000 |
| Gjafir til fjárfestinga | 0 | 5.000.000 | 5.000.000 |
| Eignir fluttar frá þjóðskrá Íslands | 8.384.196 | 0 | 8.384.196 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 9.170.905 | (9.170.905) | 0 |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 163.974.277 | (163.974.277) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (97.566.578) | 0 | (97.566.578) |
| | 364.348.831 | (10.678.141) | 353.670.690 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 159,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Við sameiningu húsnæðisstofnunarhluta íbúðaláanasjóðs og Mannvirkjastofnunar komu inn rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir úr B-hluta ríkisaðila (íbúðaláanasjóði) inn í A-hluta ríkisaðila sem hluti eigna HMS. Þær eignir bera ekki fjárfestingarframlag líkt og í tilfelli eigna A-hluta ríkisaðila og er því misrämi milli skráðri stöðu eigna í Orra og uppgjörkerfum HMS.

16 Aðrar upplýsingar

Staða við ríkissjóð

Stofnunin sendi út kröfu á sveitarfélögum í árslok vegna afnota af fasteignamati fyrir árið 2022. Ríkissjóður er eigandi kröfunnar og er haldið utan um þá kröfu utan efnahags. Krafan er 759 millj. króna og var greidd til ríkissjóðs í ársþyrjun 2023.

Skuldbindandi samningar

Stofnun hefur gert skuldbindandi samninga um leigu á húsnæði í Reykjavík, Akureyri og á Sauðárkróki og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu eru um 222,4 millj. króna og 173,4 millj. króna vegna þjónustusamninga.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.